

## Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2022

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) 2021, var haldinn þriðjudaginn 29. mars 2022 kl. 18:00 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík. Fundurinn var jafnframt aðgengilegur í útsendingu gegnum streymi á sjóðfélagavef.

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson, lögmann, sem fundarstjóra og var tillagan einróma samþykkt af fundarmönnum. Fundarstjóri gerði tillögu um að Helga Lára Hauksdóttir, lögmaður hjá Lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins en hann var auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 26. febrúar s.l. Þá voru aðrar auglýsingar síðar um aðalfundinn í dagblöðum og á vef sjóðsins. Lýsti fundarstjóri því fundinn lögmaetan.

Því næst var gerð grein fyrir dagskrá fundarins og í kjölfarið var gengið til dagskrár.

### 1. Skýrsla stjórnar

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er í fylgiriti með fundargerðinni.

### 2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2021, ásamt því gerði hann grein fyrir tryggingafræðilegri athugun og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2022. Einnig gerði hann grein fyrir skipan stjórnar og skipun fulltrúaráðs.

Samtals eru átta menn í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og eru fjórir skipaðir af VR, þrír af Samtökum atvinnulífsins og einn af Félagi atvinnurekanda. VR hefur skipað Bjarna Þór Sigurðsson, Guðrúnu Johnsen, Helgu Ingólfssdóttur og Stefán Sveinbjörnsson í stjórn sjóðsins og Sunnu Jóhannsdóttur til vara. Samtök atvinnulífsins hafa skipað Árna Stefánsson, Jón Ólaf Halldórsson og Sigrúnu Helgadóttur í stjórnina og Bjarna Má Gylfason til vara. Félag atvinnurekanda hafa skipað Guðrúnu Rögnu Garðarsdóttur í stjórnina og Pál Rúnar M. Kristjánsson til vara. Þá fór Guðmundur yfir samþykktarbreytingar sem lagðar hafa verið fundinn sem fela í sér m.a. breytingar á réttindakerfi sjóðsins og hvaða áhrif þær hafa á réttindi sjóðfélaga og tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Þá fór Guðmundur yfir samþykktarbreytingar sem lagðar hafa verið fundinn sem fela í sér m.a. breytingar á réttindakerfi sjóðsins og hvaða áhrif þær hafa á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Yfirferð framkvæmdastjóra er á kynningarglærum með fundargerðinni.

### 3. Breytingar á réttindakerfi sameignardeilda og samþykktarbreytingar

Benedikt Jóhannesson, tryggingastærðfræðingur, fór yfir breytingar á réttindakerfi sameignardeilda. Forsendur breytinganna á réttindakerfi eru nýjar dánar- og eftirlifendatöflur sem þarf að innleiða í réttindakerfi sjóðsins sem hefur svo áhrif á réttindi sjóðfélaga.

Benedikt útskýrði að nú þurfi ellilífeyririnn að endast lengur þar sem þess er vænst að sjóðfélagar verði eldri en áður og áunnin ellilífeyrisréttindi verði því að jafnaði greidd í fleiri mánuði en áður.

Benedikt gerði grein fyrir hvernig tryggingafræðileg staða sjóðsins var fyrir og eftir réttindabreytingar sem og hvaða áhrif samþykktarbreytingarnar hafa á áunnin réttindi sem og réttindatöflur sjóðsins.

Benedikt útskýrði hvað það felur í sér að jafna áunnin réttindi og að ef það væri ekki gert væri góðri stöðu sjóðsins ráðstafað í meira mæli til yngri sjóðfélaga en þeirri eldri og núverandi lífeyrisþega. Ástæðan er sú að ekki hefur verið tekið tillit til lengri lífaldurs síðustu ár í eldri réttindatöflum.

Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur sjóðsins, fór nánar yfir breytingar á réttindum sjóðfélaga sem eru hluti af samþykktarbreytingum. Fór hann yfir lagaskilyrði breytinga á réttindakerfi sameignadeildar og tók dæmi um áhrif breytinga á sjóðfélaga á mismunandi aldri

Ólafur Gústafsson fór yfir lögfræðialit sem hann og hans lögmannsstofa vann um lagaskilyrði varðandi breytingar á réttindakerfi.

#### 4. Hluthafastefna og sjálfbæriskýrsla

Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur sjóðsins og ábyrgðarmaður samfélagsábyrgðar hjá sjóðnum gerði grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins, gildissviði hennar og hvernig henni er beitt í framkvæmd við starfsemi sjóðsins. Þá var kynnt sjálfbæriskýrsla LV 2021 og helstu áhersluatriði skýrslunnar. Sjálfbæriskýrslan er hluti af ársreikningi lífeyrissjóðsins og hluthafastefnuna er að finna á vef sjóðsins, live.is.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins.

Bjarni Guðmundsson, sjóðfélagi og tryggingastærðfræðingur, tók til máls. Hann lýsti því að hann hefði sent erindi til stjórnar og fulltrúaráðs er varðar framkomnar tillögur um breytingar á réttindakerfi. Lýsti hann því að hann teldi réttindi til framtíðar ekki mjög óhefðbundnar og meinlausar. Varðandi fortíðina, þ.e. áunnin réttindi, telur hann um að ræða fordæmalausar aðgerðir er varðar jöfnun réttinda. Fór hann yfir að hann telur að réttindi séu fyrirheit um greiðslu lífeyris, ákveðna krónutölu frá ákveðnum aldri. Telur hann að nýjar lífslíkutöflur eigi ekki að hafa áhrif á réttindi sem aflað hefur verið áður. Telur hann ekki rétt að það þurfi að lækka réttindi yngri sjóðfélaga sérlega mikið þar sem ávöxtun sjóðsins síðustu ár gefur ekki tilefni til lækkunar sem og að tryggingafræðileg staða sjóðsins sé nóg til að standa undir breytingum á líftöflum. Til viðbótar nefnir hann að miðað við þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar þá lækki réttindi kvenna umfram réttindi karla.

Að lokum ítrekaði Bjarni að það sem honum finnst helst ábótavant við tillögurnar er að áunnin réttindi séu loforð um lífeyri og ef það sé skert þá séu ekki sömu réttindi eftir. Hann ráðleggur fulltrúaráði að fella tillögur um umreikning réttinda sem hann telur fordæmalausar og að geyma að samþykka tillögurnar.

Benedikt Ragnarsson frá VR vildi ræða nýjar réttindatöflur. Hann kvaðst ekki skilja af hverju greidd var út eingreiðsla til sjóðfélaga á síðasta ári. Spyr hann af hverju sé verið að greiða út aukagreiðslur þegar breyta þurfi réttindatöflum til lækkunar. Jafnframt fór hann yfir að miklar fjárfestingar væru í erlendum eignum hjá sjóðnum og hvort væri ekki rætt hjá sjóðnum að fara í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði hérlendis enda sé mikil eftirspurn eftir húsnæði hérlendis en lítið framboð.

Ragnar Þór Ingólfsson óskaði starfsmönnum og stjórn til hamingju með góðan árangur í rekstri sjóðsins. Hann vildi skora á stjórn og starfsmenn í tengslum við markmið um samfélagsábyrgð að láta verkin tala. Nefndi hann í því sambandi að hann teldi að sjóðurinn ætti að vera virkari eigandi sem fjárfestir. Sem dæmi nefndi hann sölu Símanns á fjarskiptainviðum, Mílu, telur hann að beita mætti eigendavaldi með ákveðnari hætti. Sama gildi varðandi starfskjarastefnur skráðra félaga, þar væri tilefni til að vera virkari

eigandi. Telur hann tækifæri fyrir lífeyrissjóðinn að fara í fjárfestingu á íbúðarhúsnæði til almennings og uppbyggingu á hjúkrunarheimili. Þá lagði hann til að sjóðurinn skoði aðra leiðir í þjónustu við sjóðfélaga t.d. að bjóða upp á afborgunarlaus lán á skuldlausar íbúðir til að bæta lífskjör. Leggur hann áherslu á að slíkt gæti aukið lífsgæði sjóðfélaga og verið góð fjárfesting fyrir sjóðinn.

Jón Ólafur Halldórsson, formaður tók fram að stjórn sjóðsins væri meðvituð um ábyrgð sína, bæði varðandi ávöxtun sem og um samfélagslega ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar. Sjóðurinn hefur skoðað möguleika á húsnæðismarkaðnum, en þar virðist ekki vanta fjármagn heldur lóðir. Jafnframt hafi stjórn sjóðsins verið jákvæð fyrir að skoða félagslega uppbyggingu.

Guðmundur Þór Þórhallsson fór yfir að sjóðurinn hefði nú útistandandi lán á nokkur hjúkrunarheimili. LV hefur ekki komið beint að uppbyggingu íbúðarhúsnæði en lánað til sjóðfélaga vegna íbúðarhúsnæðis sem og annarra. Jafnframt eru sértryggð skuldabréf bankanna, sem sjóðinn á töluvert af, lánveitingar bankanna til einstaklinga.

Varðandi bónusgreiðslur/eingreiðslu sem Benedikt Ragnarsson kom inn á þá útskýrði Guðmundur að það væri skylda sjóðsins að hækka áunnin réttindi þegar tryggingafræðileg staða sjóðsins sé komin umfram tiltekin mörk. Um sé að ræða skyldu til að framkvæma slíka hækkun réttinda innan ákveðins tíma.

Þá nefndi hann að sjóðfélagar beri áhættu á ávöxtun sjóðsins og ef áföll verða þá gæti þurft að skerða réttindi en ef vel gengur eru réttindi hækkuð að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Benedikt Jóhannesson tók til máls varðandi réttindabreytingar og atriði sem Bjarni Guðmundsson nefndi. Sagði hann að mikilvægt væri að vanda sig við breytingar á réttindakerfi. Mikilvægast væri í rekstri lífeyrissjóða skv. lögum að eignir verða að geta staðið undir skuldbindingum. Nefndi hann að fyrri lífslíkutöflur hafa ekki gefið rétta mynd áður og hafa gefið yngri sjóðfélögum meiri rétt en þeir eiga að fá þar sem ekki er gerð ráð fyrir réttum lífslíkum.

Benedikt er sammála því að þetta séu fordæmalausar breytingar, enda hafi svona breytingar á lífslíkutöflum ekki verið innleiddar áður. Benedikt benti á að réttindabreytingarnar séu málefnalegar og uppfylli skilyrði laga, hver árgangur haldi sínu hlutfalli af eignum og beitt sé ívilnandi aðgerðum. Tekið sé tillit til þess að ævi þeirra sem eru sjóðfélagar í LV sé lengri en t.d. í öðrum sjóðum. Þessi mismunur á ævilengd hafi ekki áhrif á framtíðina því við reiknum með að ævi allra muni lengjast jafn mikið. Meginatriði sé að farið sé eins með alla í sömu stöðu.

Telur hann að viðbrögð sjóðsins séu rétt, að jafna áunnin réttindi, enda hafi yngri sjóðfélögum verið oflofað þar sem ekki hafi verið tekið tillit til lengri lífslíkna þeirra.

Ítrekað er að líklega muni réttindatöflur breytast í framtíðinni ef nýjar upplýsingar liggi fyrir t.d. um örorku, lífslíkur, kynjaskiptingu, ef komin sé skekkja sem hafi áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Benedikt segir að vel hafi verið vandað til þessarar tillögu og með að samþykkja þessar breytingar er verið að samþykkja sanngjarna réttindaávinnslu framtíðar fyrir sjóðfélaga

Ragnar Þór Ingólfsson tók aftur til máls og tók undir með Jóni Ólafi að það vanti ekki fjármagn heldur lóðir. Vill hann leggja áherslu á að hann telur að lífeyrissjóðir væru vel til fallnir að vera fjárfestar á húsnæðismarkaði sem beinir eigendur, en ekki bara lánveitendur.

## 5. Starfskjarastefna

Starfskjarastefna er óbreytt frá fyrra ári.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

Starfskjarastefnan var borin undir atkvæði í fulltrúaráði sjóðsins og þar sem engin breyting var á stefnunni var hún talin samþykkt.

## 6. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna

Í grein 5.17 í samþykktum sjóðsins stendur: „Á ársfundi skal kjósa fjóra einstaklinga og tvo til vara í nefnd um laun stjórnarmanna, til tveggja ára í senn. Þar af skal einn nefndarmanna vera formaður stjórnar sjóðsins.“

Eftirfarandi aðilar voru kosnir á síðasta ársfundi og því var ekki kosið um þennan dagskrárlið á þessum fundi.

Aðalmenn

- Jón Ólafur Halldórsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins
- Anna Kristín Kristjánsdóttir, tilnefnd af Félagi atvinnurekenda
- Jónas Yngvi Ásgrímsson, tilnefndur af VR
- Svanhildur Þórsteinsdóttir, tilnefnd af VR

Varamenn:

- Harpa Sævarsdóttir, tilnefnd af VR
- Margrét Kristín Sigurðardóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins

## 7. Tillögur að stjórnarlaunum og launum vegna setu í endurskoðunarnefnd

Stefán Sveinbjörnsson, í nefnd um laun stjórnarmanna, gerði grein fyrir tillögu að stjórnarlaunum í fjarveru formanns nefndarinnar, Ólafs Stephensen:

Lagt er til að laun stjórnarmanna hækki um 7,3% og verði eftirfarandi:

- Laun aðalmanns verða kr. 207.816 á mánuði, hækka úr kr. 193.678
- Laun stjórnarformanns verða tvöföld laun aðalmanns
- Laun varaformanns verða ein og hálf laun aðalmanns

Varamenn fá greidd hálf mánaðarlaun aðalmanns fyrir hvern fund sem þeir sitja. Þá fá varamenn greiddar kr. 31.172 á mánuði. Í tengslum við greiðslur til varamanna er m.a. litið til þess að gera megi ráð fyrir því að stjórnarmenn þurfi að fylgjast með störfum sjóðsins og eftir atvikum gögnum sem varða störf stjórnar. Því til viðbótar fá varamenn sem fara í hæfismat á vegum sjóðsins, með þeim hætti að þeir fara í viðtöl hjá matsnefnd Fjármálaeftirlitsins, greidd einföld laun aðalmanns.

Gerð er tillaga um að laun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd séu greidd eftir á einu sinni á ári og verða kr. 1.566.782 fyrir formann, svarar til kr. 130.565 á mánuði og kr. 783.391 fyrir aðra nefndarmenn, svarar til kr. 65.282 á mánuði.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráð. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 8. Tillögu stjórnar um endurskoðanda og endurskoðunarfyrtæki

Stjórn lagði til að núverandi endurskoðandi, Kristinn Freyr Kristinsson, löggiltur endurskoðandi hjá PriceWaterhouseCoopers ehf., yrði áfram endurskoðandi LV.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Tillagan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráðið og var hún samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

### 9. Breytingar á samþykktum LV

Stjórn LV leggur til fyrirleggjandi breytingar á samþykktum. Tómas N. Möller fór yfir fyrirleggjandi tillögur. Bætti hann við að hann óskaði eftir samþykki fundarins að gera leiðréttingar á grein 25 og viðaukum. Þar er vísað til stjórnarfundarsamþykkis 25.02.2022, en samþykktin lá fyrir 3.3.2022, og þarf að gera breytingar á því.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins, enginn kvaddi sér hljóðs.

Fyrst voru teknar fyrir breytingar sem eru lagfæringar og uppfærslur á einstökum atriðum, sem eru 18 greinar samtals. Tillagan var borin undir atkvæði fulltrúaráðs og var hún samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Síðan voru bornar upp í einu lagi breytingar er varða breytingar á réttindakerfi sjóðsins og aðlögun á réttindakerfi að nýjum dánar- og eftirlifendatöflum. Nánar tiltekið er um að ræða breytingar á grein 11.1, ákvæði til bráðabirgða, ásamt viðauka A og viðauka B.

Tillagan var borin undir atkvæði fulltrúaráðs og var hún samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

### 10. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundarmönnum um að tjá sig um önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Jón, formaður þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn.

Fundi slitið kl. 20:34.

  
Ólafur Gústafsson  
Fundarstjóri

  
Helga Lára Hauksdóttir  
Fundarritari